

Nordibizz ehf.  
B.t. forsvarsmaður  
Borgartúni 27  
105 Reykjavík Reykjavík

Akureyri, 23. maí 2025  
Tilvísun: M25040430 / 10.01 Dagsektir  
Ákvörðun nr. 27

### **Efni: Ákvörðun um álagningu dagsekta**

Ferðamálastofa vísar til bréfs frá 11. apríl sl. þar sem tilkynnt var um fyrirhugaða álagningu dagsekta þar sem stofnuninni hafði ekki borist gögn frá ferðaskrifstofunni vegna árlegs endurmats á fjárhæð trygginga fyrir árið 2025.

Ferðamálastofa hefur tekið ákvörðun um álagningu dagsekta á félagið Nordibizz ehf., kt. 5609190180.

Nordibizz ehf. hefur ekki lagt fram fullnægjandi gögn vegna árlegs endurmats tryggingarfjárhæðar ferðaskrifstofunnar fyrir árið 2025 eins og skylt er samkvæmt lögum. Af þeirri ástæðu hefur Ferðamálastofa ákveðið að leggja dagsektir á ferðaskrifstofuna kr. 100.000,- á dag frá og með 7. júní næstkomandi, hafi ekki verið farið að fyrirmælum stofnunarinnar fyrir þann dag.

Dagsektir munu leggjast á kr. 100.000,- fyrir hvern dag sem líður þar til að farið hefur verið að fyrirmælum Ferðamálastofu um framlagningu tilskilinna gagna vegna árlegs endurmats tryggingarfjárhæðar félagsins.

Dagsektir eru stöðvaðar þegar búið er að skila inn gögnum í vefgátt. Áfallnar dagsektir eru ekki felldar niður og fara í innheimtu hjá innheimtumanni ríkissjóðs. Ákvörðun um álagningu dagsekta er ekki fjarlægð af vefsíðu Ferðamálastofu þrátt fyrir skil. Rétt er að benda á að dagsektir eru aðfarahæfar.

### **Málsatvik**

Þann 1. apríl sl. rann út lögbundinn frestur til að skila inn gögnum vegna árlegs endurmats á fjárhæð trygginga ferðaskrifstofa skv. 6. gr. reglugerðar um Ferðatryggingasjóð nr. 812/2021 sbr. 3. mgr. 25 gr. a. laga um pakkaferðir og samtengda ferðatilhögun nr. 95/2018. Áminning um skilin var send í tölvupósti frá Ferðamálastofu þann 16. janúar sl., 27. febrúar sl. og á ný 1. apríl sl. Skilin voru ítrekuð enn á ný með tölvupósti þann 7. apríl sl. Jafnframt var upplýst að Ferðamálastofa myndi leggja dagsektir á allar ferðaskrifstofur sem ekki hafi skilað viðeigandi gögnum.

Þann 11. apríl sl. sendi Ferðamálastofa formlega tilkynningu um fyrirhugaða álagningu dagsekta þar sem ferðaskrifstofan hafði ekki skilað þeim gögnum sem lög gera áskilnað um. Veittur var frestur til 30. apríl sl. til að bæta úr annmörkum og skila inn gögnum vegna endurmatsins. Ennfremur var tilgreint að dagsektir yrðu lagðar á ef gögnum yrði ekki skilað. Þann 29. apríl sl. minnti Ferðamálastofa á með tölvupósti að frestur til skila væri að renna út. Ferðamálastofu barst þann 30. apríl tölvupóstur frá forsvarsmanni félagsins þar sem upplýst var að félagið næði ekki að skila inn gögnum vegna



tæknivandamála. Í tölvupósti sama dag upplýsti Ferðamálastofa að ekki yrðu lagðar á dagsektir fyrir en búið væri að aðstoða ferðaskrifstofunar með þetta vandamál. Ferðamálastofu bárust ófullnægjandi gögn frá ferðaskrifstofunni í tölvupósti og var ferðaskrifstofan upplýst um það að skila þyrfti fullnægjandi gögnum rafrænt í gegnum vefgátt Ferðamálastofu í tölvupósti þann 7. maí og á ný þann 14. maí sl. Þó að hluta af gögnum hafi verið skilað eru skilin ófullnægjandi og uppfylla ekki skilyrði 6. gr. reglugerðar um Ferðatryggingasjóð nr. 812/2021 sbr. 3. mgr. 25 gr. a. laga um pakkaferðir og samtengda ferðatilhögun nr. 95/2018.

Samkvæmt 3. mgr. 33. gr. laga um pakkaferðir og samtengda ferðatilhögun nr. 95/2018 getur Ferðamálastofa lagt dagsektir á aðila sem fara ekki að ákvæðum VII. kafla laganna um tryggingar ferðaskrifstofa. Dagsektir geta numið frá 50 þús. kr. til 500 þús. kr. á dag skv. 4. mgr. sömu greinar.

### Ákvörðun

**Nordibizz ehf. hefur ekki lagt fram fullnægjandi gögn vegna árlegs endurmats tryggingarfjárhæðar ferðaskrifstofunnar fyrir árið 2025.**

**Nordibizz ehf. skal innan tveggja vikna frá dagsetningu þessarar ákvörðunar skila gögnum fyrir ferðaskrifstofuna vegna árlegs endurmats á fjárhæð trygginga ferðaskrifstofa fyrir árið 2025 eins og skylt er samkvæmt lögum. Verði það ekki gert innan tilskilins tíma skal ferðaskrifstofan greiða dagsektir að fjárhæð kr. 100.000,- á dag þar til gögnum hefur verið skilað.**

Ákvörðun um dagsektir má skjóta til atvinnumálaráðherra innan fjórtán daga frá því að hún er kynnt þeim sem hún beinist að. Dagsektir reiknast ekki fyrir en frestur er liðinn.

Dagsektir eru aðfararhæfar að liðnum kærufresti en kæra til ráðherra frestar aðför uns endanleg niðurstaða liggur fyrir. Málshöfðun fyrir almennum dómstólum frestar ekki aðför.

Virðingarfyllst,

F.h. Ferðamálastofu

Nanna D. Björnsdóttir, lögfræðingur

Helena Þ. Karlsdóttir forstm. Stjórnsýslusviðs